



Félagsfræði, 5. Bekkur. (FÉL2AA10)

Námsáætlun skólaárið 2025-2026

Félagsfræði er stór og víðfeðm fræðigrein sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi, samfélagið er á stöðugri hreyfingu og breytist hraðar nú um stundir en tíðkast hefur í gegnum söguna. Hugtök og hugmyndafræði breytast hratt og má taka sem dæmi samfélagsmiðla sem hafa haft gífurleg áhrif á samfélagið sem og knýjandi viðfangsefni samfélaga eins og loftlagsmál, Covid, ófriður og annað sem hefur áhrif á samfélagið og fólkið sem þar býr. Í vetur verður fjallað um viðfangsefni félagsfræðinnar eins og félagsfræðileg hugtök og merking þeirra, meginkenningar og frumkvöðla félagsfræðinnar. Einnig verða tekin fyrir samfélagsleg málefni líðandi stundar eftir því sem við á og geta nemendur komið með tillögur og vinna verkefni sem tengist því.

Kenndar verða 5 kennslustundir á viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara og nemenda, tímaverkefnum og fleira.

Námsmarkmið.

Nemendur:

- þjálfist í að fylgjast með og taka þátt í umræðu um samfélagið
- fái innsýn í veruleika þeirra sem búa við fátækt og skort á tækifærum
- auki þekkingu sína á íslensku samfélagi og samfélagi þjóða
- æfist í afla sér félagslegra upplýsinga og vinna skipulega úr þeim
- efli með sér gagnrýna hugsun, skilning og virðingu.
- þekki og kunni að nota helstu hugtök félagsfræðinnar.
- þekki helstu kenningar félagsfræðinnar

Námsefni:

Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

Annað efni frá kennara

Námsmat:

Námseinkunn:

3-4 kaflapróf (40%)

Fyrirlestur á vorönn (20%)

Mæting, þátttaka í tímum (tímaverkefni) og skil á minni verkefnum yfir veturinn (40%)

Vorpróf 100%

Lokaeinkunn er meðaltal af vorprófseinkunn og námseinkunn.

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.